

VINNSLUSTÖÐIN HF.

ÁRSSKÝRSLA

2001

# Ársskýrsla 2001

## Aðalfundur Vinnslustöðvarinnar hf.

30. nóvember 2001

55. starfsár

## Stjórn Vinnslustöðvarinnar hf.

Jakob Bjarnason, formaður  
Gunnar Birgisson  
Haraldur Gíslason  
Kristinn Hallgrímsson  
Magnús Kristinsson

## Varastjórn


Benedikt Sigurðsson  
Gunnlaugur Ólafsson

## Framkvæmdastjórn Vinnslustöðvarinnar hf.

Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri  
Stefán Friðriksson, aðstoðarframkvæmdastjóri  
Andrea Atladóttir, fjármálastjóri  
Guðni Guðnason, útgerðarstjóri  
Sigurður Friðbjörnsson, verksmiðjustjóri  
Þorsteinn Magnússon, framleiðslustjóri

## Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns 2  
Skýrsla framkvæmdastjórnar 3  
Starfsmenn, hlutdeildarfélag, hluthafar 4  
Aflabrögð, útgerð 4  
Aflaheimildir, framleiðsla, horfur 6  
Bræðsla 10  
Ársreikningur 12



Umsjón og umbrot: Athygli

Ljósmyndir á kápu og bls. 9: Sigurður Jökull Ólafsson  
Efri ljósmynd á bls. 2: Hreinn Magnússon  
Aðrar ljósmyndir: Sigurgeir Jónasson

Prentun: Prentsmíðjan Eyrún

Hafnargötu 2 · Vestmannaeyjar

Sími 488 8000 · Fax 488 8001

vsv@vsv.is · www.vsv.is

# Ávarp stjórnarformanns

Ágætu hluthafar!

Nýliðið rekstrarár Vinnslustöðvarinnar hf. markar á vissan hátt tímamót hjá félaginu. Ytri aðstæður voru vissulega hagstæðar, verðþróun afurða félagsins í erlendum myntum var hagstæð og gengissig íslensku krónunnar hækkaði afurðaverð félagsins í íslenskum krónum talið. Á móti þessu komu neikvæð áhrif hvað varðar verulegt gengistap félagsins og niðurskurður þorskheimilda annað árið í röð ásamt sjómannaverkfalli. Árangur hagræðingaraðgerða, sem gripið var til á vormánuðum 1999, er enn að skila sér í rekstri félagsins.

Þrátt fyrir að tap félagsins hafi numið 276 milljónum króna má segja að mörg atriði í rekstri þess hafi snúist til betri vegar. Framlegð félagsins jókst um 105%, úr 500 milljónum króna í 1.026 milljónir króna, og framlegðarhlutfall þess er nú tæp 32% en var 21% í fyrra og 4% árið þar áður. Þessi aukning framlegðar er afar ánægjuleg. Hún vekur vonir um að brátt sjái fyrir enda taprekstrar og að félagið fari að skila hagnaði.

Heildarafli skipa félagsins á rekstrarárinu var 74 þúsund tonn samanborið við 71 þúsund tonn árið áður. Aflaverðmæti skipanna jókst um 7% þrátt fyrir sjómannaverkfall sem stóð í einn og hálfan mánuð. Það er ljóst að sjómannaverkfallið kostaði félagið og sjómenn þess mikla fjármuni, einkum sjómenn á netabátum. Tap félagsins felst í að ekki tókst að veiða og vinna stóra netaþorskinn sem skilar mestum verðmætum. Það er áhyggjuefni að sjómannaforystan hvetur ávallt til verkfalla á vetrarvertíð og beinir þannig spjótum sínum að vertíðarplássum á borð við Vestmannaeyjar. Langt verkfall á vetrar- eða loðnuvertíð veldur því miklum skaða hjá Vinnslustöðinni og öðrum hliðstæðum fyrirtækjum, rýrir verulega tekjur starfsmanna þeirra til sjós og lands og veikir samfélögin sem þau starfa í.




Verðmæti seldra afurða landvinnsludeilda Vinnslustöðvarinnar hf., að mjölverksmiðjunni undanskilinni, jókst mikið frá fyrra ári. Framleiðsla frystra og saltaðra afurða félagsins var alls 10.300 tonn á móti 5.500 tonnum árið áður. Magnaukning var því 87%. Mjöl- og lýsisafurðir jukust um 600 tonn frá fyrra ári, fóru úr 18.200 í 18.800 tonn. Tekjuaukning bræðslunnar var hins vegar 39% sem skýrist fyrst og fremst af jákvæðri verðþróun afurðanna.

Heildartekjur landvinnsludeildanna jukust þannig um 870 milljónir króna eða 47%. Það munar um minna.

Úthlutaðar veiðiheimildir félagsins á liðnu rekstrarári námu 62.700 tonnum og jukust um 1.700 tonn frá fyrra ári. Aflaheimildir félagsins minnkuðu hins vegar úr 12.320 þorskígildistonn rekstrarárið 1999/2000 í 10.750 þorskígildistonn. Skýring þessa samdráttar er breyting á þorskígildistudlum frá fyrra ári. Þá er rétt að geta þess að á skipum félagsins eru nú vistuð 1.780 þorskígildistonn sem eru í eigu Jóns Erlingssonar ehf.

Á vormánuðum keypti Vinnslustöðin hf. öll hlutabréf í Jóni Erlingssyni ehf. í Sandgerði. Í ágúst seldi félagið síðan aftur 60% bréfanna, að jöfnu til Frostfisks ehf. í Þorlákshöfn og Masturs ehf. í Reykjavík. Vinnslustöðin hf. á endurkaupsrétt á hlutabréfunum í tvö ár.

Ég flyt stjórn og starfsmönnum Vinnslustöðvarinnar hf. sérstakar þakkir fyrir störf þeirra á liðnu ári með ósk um áframhaldandi rekstarbata á því ári sem nú er nýhafið.

  
Jakob Bjarnason  
stjórnarformaður



# Skýrsla framkvæmdastjórnar

## Inngangur

Rekstur Vinnlustöðvarinnar gekk vel á rekstrarárinu 1. sept. 2000-31. ágúst 2001. Landvinnsludeildir gengu mjög vel og skiluðu hagnaði. Rekstur bolfiskútgerðar var svipaður og árið á undan en rekstur uppsjávarskipa gekk heldur betur. Verð á mjól- og lýsisafurðum hækkaði mjög á rekstrarárinu. Fjármagnsgjöld voru hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir, mun hærri en árið á undan. Önnur gjöld skýrast fyrst of fremst á niðurfærslu hlutabréfaeignar félagsins.

## Afkoma

Rekstrartekjur Vinnlustöðvarinnar námu 3.213 milljónum króna rekstrarárið 1. september 2000-31. ágúst 2001 og jukust um 840 milljónir króna frá árinu áður eða um 35%. Aukningin skýrist fyrst og fremst af hækkun á verði afurða félagsins og lækkun á gengi íslenskrar krónu en hún lækkaði um 22% á rekstrarárinu.

Rekstrargjöld án fjármagnskostnaðar og afskrifta voru 2.186 milljónir króna og jukust um 314 milljónir króna, sem er einungis 16,8% hækkun frá fyrra ári. Hagnaður fyrir afskriftir var líðlega einn milljarður króna og jókst um rúmar 500 milljónir króna. Framlegðarhlutfall félagsins hækkaði frá fyrra ári úr 21% í 32%. Afskriftir námu 420 milljónum króna og stóðu í stað ef miðað er við árið þar áður.

Fjármagnsgjöld voru 855 milljónir króna og hækkuðu um 600 milljónir króna frá fyrra ári. Skýring þessarar hækkunar er fyrst og fremst 700 milljóna króna gengistap en reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga hækkuðu um 115 milljónir króna frá fyrra ári.

Þegar litið er yfir rekstur síðasta rekstrarárs er umtalsverð framlegðaraukning ánægjuleg. Þrátt fyrir 276 milljóna króna taprekstur hækka rekstrartekjur hlutfallslega meira en rekstrarkostnaður. Markvissar ráðstafanir stjórnar og stjórnenda til að auka framlegð félagsins hafa þannig skilað árangri. Eina ástæða taprekstrarins er 700 milljóna króna gengistap.

## Efnahagur

Heildarniðurstaða efnahagsreiknings Vinnlustöðvarinnar hf. í lok rekstrarársins var 5.743 milljónir króna og hækkaði um 200 milljónir króna frá fyrra ári. Veltufjárhlutfall félagsins er 0,73 og lausafjárhlutfall er 0,48 en hvort tveggja hækkaði frá árinu áður. Heildarskuldir félagsins námu 4.392 milljónum króna og hækkuðu um 389 milljónir frá fyrra ári. Heildarskuldir að frádregnum veltufjármunum, sem hækkuðu um 245 milljónir króna frá fyrra ári, hækka einungis um 145 milljónir króna þrátt fyrir 700 milljóna króna gengistap.

Eigið fé Vinnlustöðvarinnar hf. var í árslok 1.351 milljónir



Framkvæmdastjórn Vinnlustöðvarinnar hf. Frá vinstri: Sigurður Friðbjörnsson, Þorsteinn Magnússon, Guðni Guðnason, Andrea Atladóttir, Sigurgeir B. Kristgeirsson og Stefán Friðriksson.

króna eða 23,5% og lækkaði um 4,3 prósentustig. Lækkun eigin fjár félagsins er eðlileg afleiðing af taprekstri á árinu.

Veltufé frá rekstri var 615 milljónir króna og hækkaði um 428 milljónir frá fyrra ári. Handbært fé frá rekstri hækkaði lítillega. Nettófjárfestingar félagsins voru 70 milljónir króna á árinu, aðallega í tækjum og búnaði í fiskiskip auk endurnýjunar búnaðar í landi.

## Starfsmenn

Starfsmenn Vinnslustöðvarinnar voru að meðaltali 180 á rekstrarárinu. Heildarlaunagreiðslur félagsins námu 746 milljónum króna en voru 721 milljónir króna árið áður.

## Hlutdeildarfélög

Vinnslustöðin hf. festi kaup á öllum hlutabréfum í Jóni Erlingssyni ehf. í maímánuði 2001 en seldi síðan 60% þeirra með endurkaupsrétti til tveggja ára. Jón Erlingsson ehf. var rekið með 154 milljónum króna tapi á síðasta rekstrarári, sem er kvótaárið líkt og hjá Vinnslustöðinni hf. Áætlað er að félagið verði rekið með 70 milljónum króna hagnaði á yfirstandandi ári.

Vinnslustöðin hf. á 40,5% eignarhlut í Frostfiski ehf. Rekstrarár félagsins er almanaksárið. Frá 1. janúar til 31. ágúst 2001 var velta félagsins 800 milljónir króna, framlegð þess 80 milljónir króna og tap félagsins var 4 milljónir króna. Áætluð velta félagsins á rekstrarárinu er 1.200 milljónir króna. Brúttóskuldir Frostfisks námu 567 milljónum króna 31. ágúst 2001 og nettóskuldir voru 455 milljónir króna.

## Hluthafar

Hluthafar Vinnslustöðvarinnar hf. voru 458 í upphafi rekstrarársins en í lok þess voru þeir 465 og hafði því fjölgað um 7 á árinu. Fimm hluthafar reyndust eiga yfir 10% í félaginu í lok rekstrarársins: Olúfélagið hf. með 17,79%, Lífeyrissjóður Vestmannaeyja með 12,62%, Vátryggingarfélag Íslands hf. með 12,41%, Kap ehf. með 12,31% og Ker ehf. með 10,45% hlutfjár. Gengi hlutabréfa í Vinnslustöðinni hf. á Verðbréfaþingi

Íslands var í upphafi rekstrarársins skráð 2,40 en í lok rekstrarársins var það 2,10. Á tímabilinu var gengið hæst skráð í október, 2,70, en var lægst skráð 1,60 í byrjun ágúst.

## Aflabrogð

Á liðnu rekstrarári var heildarafl skipa félagsins 73.800 tonn en var 71.000 tonn árið áður. Aukningin frá fyrra ári er því tæp 3.000 tonn og má rekja hana til aukningar í síldar-, loðnu og kolmunnaafla Sighvats Bjarnasonar VE en önnur skip félagsins veiddu minna eða svipað og á fyrra ári. Ástæða fyrir minni afla bolfiskskipa félagsins er verkfall sjómanna á vordögum sem stóð í einn og hálfan mánuð.

Aflaverðmætið var 1.113 milljónir króna en var 1.042 milljónir króna á fyrra ári, sem er tæplega 7% aukning.

Afla að verðmæti 794 milljónir króna var landað til eigin vinnslu en það svaraði til 71% af heildaraflaverðmæti skipanna. Til samburðar nam verðmæti landaðs afla af eigin skipum 633 milljónum króna eða 61% af heildaraflaverðmæti á fyrra rekstrarári.

## Útgerð


Vinnslustöðin hf. gerði út eftirtalin skip á liðnu rekstrarári: Netabátana Brynjólf ÁR-3 og Guðjón VE-7, (nú Gandí VE-7), togbátinn Drangavík VE-80, togarann Jón Vídalín ÁR-1 og nótaskipin Kap VE-4 og Sighvat Bjarnason VE-81.

Afli Brynjólfs ÁR var 1.430 tonn að verðmæti 143 milljónir króna. Guðjón VE fiskaði 1.014 tonn að verðmæti 104 milljónir. Drangavík VE fiskaði fyrir 231 milljónir króna, alls 2.160 tonn. Jón Vídalín ÁR aflaði alls 3.393 tonn að verðmæti 240 milljónir króna. Kap VE fiskaði 21.593 tonn og aflaverðmætið var 128 milljónir króna. Heildarafl Sighvats Bjarnasonar VE á árinu var 44.231 tonn og aflaverðmætið 267 milljónir króna.

## Aflaheimildir

Bolfiskaflaheimildir félagsins fyrir nýhafið rekstrarár eru 7.985 þorskígildistonn en voru 8.317 þorskígildistonn á rekstrarárinu 2000-2001. Aflaheimildir í uppsjávarfiski,

Þróun gengis  
hlutabréfa í  
Vinnslustöðinni hf.  
á síðastliðnu  
rekstrarári.





Aftari röð frá vinstri: Rúnar Vöggsson, birgðastjóri, Már Friðbjófsson, Hermann Kr. Jónsson og Þór Vilhjálmsson, starfsmannastjóri. Fremri röð frá vinstri: Sigurbjörg Guðnadóttir, Ingibjörg Finnbogadóttir og Ingibjörg Sigurjónsdóttir, starfsmenn á skrifstofu. Þess má geta að Sigurbjörg hefur lengstan starfsaldur allra starfsmanna Vinnslustöðvarinnar. Hún hóf störf hjá fyrirtækinu árið 1952.



Frá vinstri: Stefán Halldórsson, badermaður, Óðinn Kristjánsson, vélstjóri og Smári Grímsson, rafvirki.

rækju og humri eru 1.751 þorskígildistonn og er þá miðað við 438 þúsund tonna upphafsúthlutun í loðnu.

## Framleiðsla

Framleitt afurðamagn í landvinnslu Vinnslustöðvarinnar hf. jókst um 86% frá fyrra rekstrarári. Munar þar mest um meiri framleiðslu á loðnu auk þess sem síldarfrysting hófst að nýju eftir tveggja ára hlé. Samtals voru fryst um 4.400 tonn af loðnu og loðnuhrognum og rúm 2.300 tonn af síldarafurðum. Lágt verð var á frystum loðnuafurðum á rekstrarárinu sem skýrist af auknu framboði af loðnuafurðum frá Noregi á Japansmarkaði. Verð síldarafurða var einnig lágt á síðustu vertíð en í byrjun sumars fór afurðaverð hækkandi og er nú helmingi hærra en á síðustu vertíð.

Saltfiskvinnsla er uppistaðan í bolfiskvinnslu félagsins. Þorskurinn er fluttur en ufsinn er bæði flakaður og fluttur. Þorskafurðirnar eru að mestu seldar á Portúgalsmarkaði. Á rekstrarárinu voru framleidd 2.250 tonn af saltfiskafurðum en framleiðslan varð minni en fyrirhugað hafði verið vegna verkfalls sjómanna sl. vor.

Frysting á karfa og humri var með hefðbundnu sniði og voru landfrystar afurðir rúm 1.100 tonn. Fryst karfaflök fara aðallega á markað í Þýskalandi. Lögð er áhersla á frystingu á heilum humri fyrir Spánarmarkað en einnig eru framleiddir humarhalar fyrir Bandaríkjamarkað.

Frostfiskur hf. í Þorlákshöfn, hlutdeildarfélag Vinnslustöðvarinnar hf., vinnur í verktöku þorsk, ýsu og ufsa í frystingu og fersk flök. Frostfiskur hf. vann úr um 800 tonnum af hráefni frá Vinnslustöðinni hf. á síðasta rekstrarári.

## Horfur

Sem stendur eru horfur á markaði fyrir síldarafurðir góðar en hið sama verður ekki sagt um loðnuafurðir. Mikið framboð á loðnu og loðnuhrognum á Japansmarkaði hefur leitt til mikillar verðlækkunar. Frysting loðnu á Rússlandsmarkað hefur verið stunduð jafnhliða frystingu á Japansmarkað en töluverðar birgðir eru til í Rússlandi og eru horfur óljósar um framleiðslu og sölu á þessum markaði í vetur. Í Portúgal er neyslusamdráttur á íslenskum saltfiski og er háu verði kennt um. Búast má við verðlækkun á söltuðum þorski á næstu

## Afli og aflaverðmæti skipa Vinnslustöðvarinnar hf.

	2000-2001		1999-2000	
	Tonn	Þús. kr.	Tonn	Þús. kr.
Brynjólfur ÁR-3.....	1.430	142.995	1.901	165.088
Guðjón VE-7.....	1.014	104.254	0	0
Gandí VE-171.....	0	0	1.165	126.160
Drangavík VE-80.....	2.160	231.499	2.313	210.121
Jón Vídalín ÁR -1.....	3.393	239.825	3.351	235.062
Kap VE-4.....	21.593	127.992	23.127	114.977
Síghvatur Bjarnason VE-81.....	44.231	266.597	39.147	190.742
Alls.....	73.821	1.113.162	71.004	1.042.150



Hafdís Ósk Ólafsdóttir í humarvinnslu.



Ingigerður Helgadóttir í loðnuvinnslu.



Kap VE 4, smíðuð í Gardabæ árið 1968.



Drangavík VE 80, smíðuð í Portúgal árið 1991.



Brynjólfur ÁR 3, smíðaður í Noregi árið 1962.



## Aflaheimildir Vinnlustöðvarinnar hf.

	Tonn	2001-2002		Tonn	2000-2001	
		Borsk-ígildi	% af úthlutun		Borsk-ígildi	% af úthlutun
<b>Botnfiskheimildir</b>						
Borskur .....	3.493	3.493	2,2720%	4.120	4.120	2,3033%
Ýsa.....	731	877	2,9528%	718	826	2,9402%
Ufsi.....	1.280	576	5,1677%	1.309	655	5,1675%
Karfi.....	3.420	1.881	5,2613%	2.998	1.649	5,2593%
Steinbítur .....	122	80	1,0680%	129	84	1,0680%
Úthafskarfi .....	70	39	0,1566%	70	39	0,1566%
Grálúða.....	352	581	1,9125%	352	581	1,9125%
Skarkoli.....	95	114	2,5750%	95	118	2,5732%
Sandkoli.....	113	51	4,0856%	207	103	4,0856%
Skráplúra .....	150	75	3,2705%	150	75	3,2705%
Þykkvalúra .....	37	51	2,8525%	37	44	2,8525%
Langlúra.....	41	26	3,2693%	33	23	3,2692%
Langa .....	91	68	3,7973%			
Keila .....	41	20	0,9635%			
Skötuselur.....	26	53	1,9316%			
<b>Bolfiskur alls.....</b>	<b>10.062</b>	<b>7.985</b>		<b>10.218</b>	<b>8.317</b>	
<b>Aðrar veiðiheimildir</b>						
Humar.....	51	354	11,0379%	48	328	11,0379%
Rækja.....	16	13	0,0941%	19	17	0,0941%
Síld .....	8.318	499	6,6546%	6.100	366	5,5455%
Loðna .....	22.131	885	5,0485%	46.375	1.391	5,0483%
<b>Aðrar veiðiheimildir alls.....</b>	<b>30.516</b>	<b>1.751</b>		<b>52.542</b>	<b>2.102</b>	
<b>Veiðiheimildir alls .....</b>	<b>40.578</b>	<b>9.736</b>		<b>62.760</b>	<b>10.419</b>	



Herdís Hermannsdóttir í humarvinnslu.



Sæbjörn Jónsson og Kristinn Andersen, skipverjar á Sighvati Bjarnasyni VE.



Jón Eyfjörð Eiríksson, skipstjóri á Sighvati Bjarnasyni VE.



Stefán Birgisson stýrimaður á Drangavík VE.

missurum. Eftirspurn eftir ufsaafurðum, bæði söltuðum og frystum, hefur aukist nokkuð á undanförunum mánuðum og hefur verið á söltuðum ufsaafurðum hækkað undanfarið. Eftirspurn er eftir humri á Spánarmarkaði og er íslenskur humur eftirsóttur á þeim markaði.

## Bræðsla

Framleiðslutekjur fiskimjölsverksmiðju félagsins á rekstrarárinu 2000-2001 námu alls 812 milljónum króna en voru 583 milljónir króna á fyrra ári. Hækkun frá fyrra ári er því 229 milljónir króna.

Aðkeypt hráefni á rekstrarárinu 2000-2001 var 76.700 tonn en var 73.700 tonn árið áður. Aukning frá fyrra ári nam því 3.000 tonnum eða um 4%. Alls voru brædd 60.600 tonn af loðnu, 4.150 tonn af síld, 9.400 tonn af kolmunna og 2.550 tonn af fiskúrgangi. Mjöl- og lýsisverð hækkaði á rekstrarárinu og skýrir það verulega hækkun tekna frá fyrra ári. Horfur eru á að afurðaverð á mjöli og lýsi verði svipað rekstrarárið 2001-2002 og á seinni hluta nýliðins rekstrarárs og útlitið því nokkuð gott fyrir nýhafið rekstrarár.

## Heildarframleiðsla landvinnslu

	2000-2001		1999-2000	
	Tonn	Þús. kr.	Tonn	Þús. kr.
Saltaðar afurðir.....	2.250	835.911	2.040	551.294
Landfrystar bolfiskafurðir.....	1.082	542.471	994	329.350
Frysting uppsjávarfiska.....	6.745	354.500	2.414	271.597
Humar.....	99	138.641	98	86.964
Annað.....	141	58608		
<b>Alls.....</b>	<b>10.317</b>	<b>1.930.131</b>	<b>5.546</b>	<b>1.239.205</b>

## Framleiðsla fiskimjöls og lýsis

Tegund	2000-2001	1999-2000
	Tonn	Tonn
Fiskimjöl.....	308	259
Loðnumjöl.....	10.300	8.352
Síldarmjöl.....	900	2.749
Kolmunnamjöl.....	2.100	1.670
Loðnulýsi.....	4.123	3.444
Síldarlýsi.....	682	1.643
Kolmunnalýsi.....	367	73
<b>Alls.....</b>	<b>18.780</b>	<b>18.190</b>



Marta Sigurjónsdóttir og Anna Kristín Sigurðardóttir í loðnuvinnslu.



Gandí VE-7 (áður Guðjón VE) smíðaður í Noregi árið 1961.



Sighvatur Bjarnason VE-81, smíðaður í Noregi árið 1975.



Jón Vídalín ÁR-1, smíðaður í Japan árið 1973.

## Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Vinnslustöðvarinnar hf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Tap af rekstri félagsins á árinu var rúmar 276 milljónir króna og leggur stjórn félagsins til að tapið verði flutt til næsta árs.

Í lok ársins voru hluthafar í félaginu 465 en voru 458 í upphafi árs. Fimm hluthafar eiga meira en 10% hlutafjárins en þeir eru Olíufélagið hf. með 17,79%, Lífeyrissjóður Vestmannaeyja með 12,62%, Vátryggingafélag Íslands hf. með 12,41%, Kap hf. með 12,31% og Ker ehf. með 10,45%.

Stjórn og framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir rekstrarárið 1. september 2000 til 31. ágúst 2001 með undirritun sinni.

Reykjavík, 24. október 2001

Í stjórn:

  
Jakob Bjarnason, formaður

  
Gunnar Birgissón

  
Haraldur Gíslason

  
Kristinn Hallgrímsson

  
Benedikt Sigurðsson

Framkvæmdastjóri:

  
Sigrageir Brynjar Kristgeirsson

## ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar og hluthafa í Vinnslustöðinni hf.


Við höfum endurskoðað ársreikning Vinnslustöðvarinnar hf. fyrir árið 1. september 2000 til 31. ágúst 2001. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju en samkvæmt henni skal skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé í meginatriðum annmarkalaus. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu sem lauk 31. ágúst 2001, efnahag þess 31. ágúst 2001, og breytingu á handbæru fé, í samræmi við lög, samþykktir félagsins og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 24. október 2001

**Deloitte & Touche hf.**

  
Þorvarður Gunnarsson  
endurskoðandi

  
Sigurður Páll Hauksson  
endurskoðandi

# Rekstrarreikningur 1. 9. 2000 til 31. 8. 2001

	Skýr.	1.9.00-31.8.01	1.9.99-31.8.00
<b>Rekstrartekjur</b>			
Rekstrartekjur fiskvinnslu .....		2.723.718.782	1.852.914.227
Rekstrartekjur útgerðar .....		1.237.525.156	1.117.533.054
Afli til eigin vinnslu .....		(793.579.158)	(632.594.974)
Aðrar tekjur .....		45.177.497	35.358.369
		<u>3.212.842.278</u>	<u>2.373.210.676</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Rekstrargjöld fiskvinnslu .....		2.032.850.183	1.584.776.853
Rekstrargjöld útgerðar .....		874.369.337	852.310.351
Afli til eigin vinnslu .....		(793.579.158)	(632.594.974)
Stjórnunarkostnaður .....		72.857.867	67.849.668
		<u>2.186.498.229</u>	<u>1.872.341.895</u>
Hagnaður fyrir afskriftir .....		1.026.344.049	500.868.781
Afskriftir fastafjármuna .....	2,3	<u>(420.364.191)</u>	<u>(418.057.833)</u>
Rekstrarhagnaður fyrir aðrar tekjur og gjöld .....		605.979.858	82.810.948
<b>Aðrar tekjur og gjöld</b>			
Aðrar tekjur .....		19.176.561	19.000.000
Önnur gjöld .....	18	<u>(46.101.507)</u>	<u>(102.875.226)</u>
		<u>(26.924.946)</u>	<u>(83.875.226)</u>
Rekstrarhagnaður (tap) .....		579.054.912	(1.064.278)
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....</b>	1,17	<u>(855.504.747)</u>	<u>(255.095.000)</u>
<b>Tap ársins .....</b>		<u>(276.449.835)</u>	<u>(256.159.278)</u>

# Efnahagsreikningur

## Eignir

	Skýr.	31. 8. 2001	31. 8. 2000
<b>Fastafjármunir</b>			
<b>Óefnislegar eignir</b>			
Varanlegar fiskveiðiheimildir .....	2	840.642.172	846.032.932
		<u>840.642.172</u>	<u>846.032.932</u>
<b>Varanlegir rekstrarfjármunir</b>	3,4		
Fasteignir og lóðir .....		833.438.610	810.553.699
Skip og fylgihlutir .....		2.067.723.408	2.007.086.391
Vélar og framleiðslutæki .....		747.854.750	755.535.082
		<u>3.649.016.767</u>	<u>3.573.175.171</u>
<b>Áhættufjármunir og langtímakröfur</b>			
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum .....	5,18	200.433.130	163.942.951
Eignarhlutar í öðrum félögum .....	5,18	66.939.341	94.366.841
Stofnsjóðir og bundnar innistæður .....		742.429	738.352
Lán til hlutdeildarfélaganna .....		0	225.066.859
Verðbréf .....		126.221.199	25.818.315
		<u>394.336.099</u>	<u>509.933.318</u>
<b>Fastafjármunir</b>		<u>4.883.995.039</u>	<u>4.929.141.421</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
<b>Vörubirgðir</b>	6		
Afurða- og hráefnisbirgðir .....		139.031.469	108.981.355
Veiðarfæra- og rekstrarvörubirgðir .....		154.947.990	181.811.243
		<u>293.979.459</u>	<u>290.792.598</u>
<b>Skammtímakröfur</b>			
Viðskiptakröfur .....		304.615.127	141.946.790
Kröfur á hlutdeildarfélög .....		40.211.217	58.079.623
Ógreiddar afskipaðar afurðir .....		119.012.262	47.061.943
Aðrar skammtímakröfur .....		25.275.986	29.686.235
Fyrirframgreiddur kostnaður .....		18.588.266	18.914.516
		<u>507.702.858</u>	<u>295.689.107</u>
<b>Verðbréf og eignarhlutar</b>			
Verðbréf.....		21.266.646	1.255.151
		<u>21.266.646</u>	<u>1.255.151</u>
<b>Handbært fé</b>			
Innstæður í innlánsstofnunum .....		36.287.981	26.628.702
		<u>36.287.981</u>	<u>26.628.702</u>
<b>Veltufjármunir</b>		<u>859.236.943</u>	<u>614.365.558</u>
<b>Eignir</b>		<u><u>5.743.231.982</u></u>	<u><u>5.543.506.979</u></u>

## Eigið fé og skuldir

	Skýr.	31. 8. 2001	31. 8. 2000
<b>Eigið fé</b>	7,8		
Hlutfé .....		1.565.000.000	1.565.000.000
Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutafjár .....		451.600.457	451.600.457
Endurmatsreikningur .....		449.293.611	294.863.801
Lögbundinn varasjóður .....		70.635.696	70.635.696
Óráðstafað eigið fé .....		(1.185.512.604)	(841.517.007)
<b>Eigið fé</b>		<u>1.351.017.160</u>	<u>1.540.582.948</u>
<b>Skuldir</b>			
<b>Langtímaskuldir</b>			
Skuldabréfalán .....	9	<u>3.221.658.495</u>	<u>3.044.561.027</u>
		<u>3.221.658.495</u>	<u>3.044.561.027</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Skuldir við lánastofnanir.....		309.730.092	268.811.234
Viðskiptaskuldir .....		268.650.414	180.671.431
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....	10	494.639.000	428.016.432
Aðrar skammtímaskuldir.....	11	<u>97.536.821</u>	<u>80.863.908</u>
		<u>1.170.556.327</u>	<u>958.363.004</u>
<b>Skuldir</b>		<u>4.392.214.822</u>	<u>4.002.924.031</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>5.743.231.982</u>	<u>5.543.506.979</u>
<b>Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar</b>	12,13,14		



# Sjóðstreymi 1. 9. 2000 til 31. 8. 2001

	Skýr.	1.9.00-31.8.01	1.9.99-31.8.00
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Tap ársins .....		(276.449.835)	(256.159.278)
<b>Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi</b>			
Afskriftir .....	2,3	420.364.191	418.057.833
Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga .....	1	(251.705.840)	(136.560.392)
Gengismunur og verðbætur.....		674.179.299	148.263.594
Niðurfærðir áhættufjármunir.....	18	45.000.000	0
Sölutap eigna .....		3.868.758	13.946.979
		<u>615.256.573</u>	<u>187.548.736</u>
<b>Veltufé frá rekstri</b>			
<b>Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum</b>			
Vörubirgðir, lækkun, (hækkun) .....		(3.186.861)	45.501.629
Skammtímakröfur, lækkun, (hækkun) .....		(232.025.246)	314.340.168
Skammtímaskuldir, (lækkun), hækkun .....		104.651.897	(128.617.472)
		<u>484.696.363</u>	<u>418.773.061</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fjárfest í fasteignum .....		(10.932.085)	(11.569.125)
Fjárfest í fiskiskipum og veiðiheimum .....		(83.717.685)	(93.646.197)
Fjárfest í vélum, áhöldum og tækjum .....		(67.410.512)	(29.605.634)
Seldir fastafjármunir, áhættufjármunir og langtímakröfur .....		92.435.610	37.182.936
Sameining við önnur félög .....		0	(34.435.509)
		<u>(69.624.672)</u>	<u>(132.073.529)</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Ný lán og afborganir langtímaskulda .....		(430.459.263)	(483.719.304)
Skammtímalán hækkun .....		40.918.858	178.765.242
Sameining við önnur félög .....		(15.872.007)	24.154.706
		<u>(405.412.412)</u>	<u>(280.799.356)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Hækkun handbærs fjár .....		9.659.279	5.900.176
Handbært fé í ársbyrjun .....		26.628.702	20.728.526
		<u>36.287.981</u>	<u>26.628.702</u>
<b>Handbært fé í árslok .....</b>			

## Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningurinn er fyrir tímabilið frá 1. september 2000 til 31. ágúst 2001. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð að teknu tilliti til áhrifa verðlagsbreytinga.

Áhrif almennra verðlagsbreytinga á rekstur og fjárhagsstöðu félagsins eru reiknuð og færð í ársreikninginn miðað við hækkun vísitölu neysluverðs á árinu sem var 7,94%. Þannig eru varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir endurmetnar með því að framreikna upphaflegt stofnverð þeirra og afskriftir til 31. ágúst 2001. Þeir varanlegu rekstrarfjármunir og þær óefnislegu eignir sem við bættust eða voru seldar eru endurmetnar miðað við eignarhaldstíma. Áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir eins og þær voru í byrjun reikningstímabilsins og á breytingu þeirra innan þess eru reiknuð og mynda reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga að fjárhæð kr. 251.705.840. Endurmatshækkun óefnislegra eigna, varanlegra rekstrarfjármuna og eignarhluta í félögum, ásamt reiknuðum tekjum vegna verðlagsbreytinga er færð í endurmatsreikning meðal eiginfjárliða í efnahagsreikningi.

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í lok tímabilsins.

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir.

## Óefnislegar eignir

2. Óefnislegar eignir samanstanda af keyptum varanlegum veiðiheimildum. Eignir þessar eru afskrifaðar um 6% árlega. Óefnislegar eignir greinast þannig:

Stofnverð 1.9.2000.....	1.347.155.307
Endurmat á árinu.....	106.948.170
Viðbót á árinu.....	13.357.001
Stofnverð 31.8.2001.....	<u>1.467.460.478</u>
Afskrifað áður .....	501.122.375
Endurmat afskrifta .....	43.277.484
Afskrifað á árinu .....	82.418.447
Afskrifað samtals 31.8.2001.....	<u>626.818.306</u>
Bókfært verð 31.8.2001.....	<u><u>840.642.172</u></u>

# Skýringar

## Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

3. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Skip og fylgihlutir	Vélar og framleiðslutæki	Samtals
Stofnverð 1.9.2000.....	1.317.229.784	2.763.456.449	1.864.387.902	5.945.074.134
Endurmat á árinu.....	104.467.838	215.930.649	151.372.817	471.771.304
Selt á árinu.....			(11.593.833)	(11.593.833)
Viðbót á árinu.....	10.932.085	70.360.684	67.410.512	148.703.281
Stofnverð 31.8.2001 .....	1.432.629.707	3.049.747.782	2.071.577.398	6.553.954.886
Afskrifað áður .....	506.676.085	756.370.058	1.108.852.820	2.371.898.963
Endurmat afskrifta .....	42.481.960	65.470.473	93.457.947	201.410.380
Selt á árinu.....			(6.316.968)	(6.316.968)
Afskrifað á árinu.....	50.033.051	160.183.843	127.728.850	337.945.744
Afskrifað samtals 31.8.2001.....	599.191.096	982.024.374	1.323.722.649	2.904.938.119
Bókfært verð 31.8.2001 .....	833.438.610	2.067.723.408	747.854.750	3.649.016.767
Afskriftarhlutföll .....	4%	6%	12-20%	

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af framreiknuðu kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu og færðar til gjalda á meðalverðlagi ársins. Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi greinast þannig:

Afskrift varanlegra rekstrarfjármuna.....	337.945.744
Afskriftir óefnislegra eigna sbr. skýringu 2 .....	82.418.447
	420.364.191

4. Fasteignamat og váttryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat	Váttryggingamat	Bókfært verð
Fasteignir og lóðir .....	443.243.000	1.679.745.000	833.438.610
Skip og fylgihlutir.....		1.413.860.400	2.067.723.408
Vélar og framleiðslutæki.....		1.812.353.000	747.854.750
	443.243.000	4.905.958.400	3.649.016.767

## Eignarhlutar í félögum

5. Eignarhlutar félagsins í hlutdeildarfélögum og öðrum félögum eru bókfærðir á framreiknuðu kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu.

	Hlutdeild	Nafnverð	Bókfært verð
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum:			
Frostfiskur ehf.....	40,5%	3.400.000	112.986.330
Ísalda hf.....	21,4%	43.230.000	48.843.991
Jón Erlingsson ehf.....	40,0%	1.604.052	44.143.791
Nethamar ehf.....	22,1%	3.669.205	4.459.018
Niðurfærsla.....			(10.000.000)
			<u>200.433.130</u>
Eignarhlutar í öðrum félögum:			
Byr ehf.....		88.956	2.348.156
Eignarhaldsfélag hlutafélaga ehf.....	2,8%	329.000	371.725
Fiskmarkaður Vestmannaeyja hf.....	8,0%	2.410.000	4.587.245
Ísfélag Þorlákshafnar hf.....	1,0%	828.527	1.818.388
Framleiðendur ehf.....	2,6%	2.941.176	5.317.004
Sigmund hf.....	16,7%	1.000.000	1.129.863
Stakkur ehf.....	14,3%	500.000	564.931
SÍF hf.....	0,2%	3.229.930	20.527.682
Útgerðarfélag Vestmannaeyja hf.....	14,0%	56.000.000	63.475.300
Aðrir eignarhlutar (alls 6 félög).....		1.516.733	1.799.047
Niðurfærsla.....			(35.000.000)
			<u>66.939.341</u>
			<u>267.372.471</u>

## Birgðir

6. Birgðir afurða eru metnar á áætluðu kostnaðarverði, sem tekur mið af beinum og óbeinum framleiðslukostnaði. Framleiðslukostnaður afurðabirgða í heild er ákvarðaður sem meðalframleiðslukostnaður allra birgða af sama tagi. Birgðabreyting afurða er færð meðal rekstrartekna.

Afurða- og hráefnisbirgðir greinast þannig:

Frystar afurðir .....	28.712.565
Saltfisksbirgðir.....	24.033.450
Síldarbirgðir.....	942.760
Loðnubirgðir.....	26.103.014
Mjöl- og lýsisbirgðir.....	48.022.401
Humarbirgðir.....	11.217.279
	<u>139.031.469</u>

Veifaræra- og rekstrarvörubirgðir greinast þannig:

Veifarærabirgðir.....	101.493.068
Rekstrarvörubirgðir.....	53.454.922
	<u>154.947.990</u>

Vátryggingamat afurðabirgða á reikningsskiladegi var 622 milljónir króna og veiðarfæri og afli skipa var tryggt fyrir 167 milljónir króna.

Rekstrarvörur eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til eðlilegrar rýrnunar. Undirslegin veiðarfæri eru metin á hálfvirði, en loðnu- og síldarnætur eru metnar að hámarki á helmingi endurkaupsverðs.

# Skýringar

## Eigið fé

7. Heildarhlutafé félagsins er kr. 1.565.000.000 eins og kveðið er á um í samþykktum þess. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Heimild félagsins til útgáfu jöfnunarhlutabréfa á árinu 1996 var um 1.030 milljónir króna. Staðfest jöfnunarverðmæti hlutabréfa félagsins í árslok 1996 var um 1.825 milljónir króna.

Félagið sameinaðist einkahlutafélaginu Voninni ehf. miðað við 31. ágúst árið 2000. Sameiningin er sýnd sérstaklega á yfirliti eiginfjárreikninga.

8. Yfirlit yfir eiginfjárreikninga:

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Endurmats- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé
Yfirfært frá fyrra ári .....	1.565.000.000	451.600.457	294.863.801	70.635.696	(841.517.007)
Sameining við Vonina ehf.....			3.646.004		(19.518.011)
Endurmat fastafjármuna .....			334.078.991		
Endurmat					
eignarhluta í félögum.....			20.382.904		
Reiknaðar tekjur					
vegna verðlagsbreytinga .....			(251.705.840)		
Tap ársins.....					(276.449.835)
Endurmat eiginfjárliða.....			48.027.751		(48.027.751)
	<u>1.565.000.000</u>	<u>451.600.457</u>	<u>449.293.611</u>	<u>70.635.696</u>	<u>(1.185.512.604)</u>

## Langtímaskuldir

9. Yfirlit langtímaskulda:

	Eftirstöðvar
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:	
Skuldir í USD.....	1.042.543.177
Skuldir í JPY.....	563.062.108
Skuldir í GBP.....	503.692.534
Skuldir í CHF.....	310.766.768
Skuldir í EUR.....	782.068.485
Skuldir í DKK.....	56.896.534
Skuldir í NOK.....	54.643.618
Skuldir í öðrum myntum.....	18.872.291
	<u>3.332.545.515</u>
Skuldir í íslenskum krónum .....	<u>383.751.980</u>
	<u>3.716.297.495</u>
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	(494.639.000)
Langtímaskuldir samkvæmt ársreikningi .....	<u>3.221.658.495</u>

# Skýringar

## 10. Afborganir af langtímaskuldum félagsins í lok ársins greinast þannig á næstu ár:

Næsta árs afborganir.....	494.639.000
Afborganir 1.9.02 til 31.8.03.....	498.639.000
Afborganir 1.9.03 til 31.8.04.....	600.700.000
Afborganir 1.9.04 til 31.8.05.....	458.075.000
Afborganir 1.9.05 til 31.8.06.....	495.105.000
Afborganir síðar .....	1.169.139.495
	<u>3.716.297.495</u>

## Skattamál

### 11. Skattar á afkomu ársins og eignir í lok þess sem lagðir verða á félagið á árinu 2002 hafa verið reiknaðir og færðir í ársreikninginn. Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts og eignarskatts.

Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts vegna yfirfærðs, ónotaðs, skattalegs taps. Ónotað skattalegt tap félagsins í árslok er 1.988 milljónir króna. Ónotuð skattaleg töp nýtast til frádráttar hagnaði næstu átta ára eftir að tapið myndaðist. Ónotuð skattaleg töp félagsins má í síðasta lagi draga frá hagnaði sem hér segir:

Frá hagnaði 1.9.2001 til 31.8.2002.....	582.273.942
Frá hagnaði 1.9.2003 til 31.8.2004.....	180.613.302
Frá hagnaði 1.9.2004 til 31.8.2005.....	41.585.488
Frá hagnaði 1.9.2006 til 31.8.2007.....	974.077.868
Frá hagnaði 1.9.2008 til 31.8.2009.....	209.149.270
	<u>1.987.699.870</u>

## Ábyrgðir og veðsetningar

### 12. Ábyrgðir utan efnahags nema um 962 milljónum króna. Þar af eru ábyrgðir fyrir Jón Erlingsson ehf. um 953 milljónir og er þeim þinglýst á eignir Vinnslustöðvarinnar hf. Vinnslustöðin hf. er með tryggingu í öllum veiðiheimum Jóns Erlingssonar ehf. en þær voru um 1.766 þorskígildistonn á fiskveiðiárinu sem hófst 1. september 2001.

### 13. Á eignum félagsins hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum þess, sem voru að eftirstöðvum um 1.614 milljónir króna. Auk þess eru áhvílandi á eignunum tryggingarbréf samtals um 1.871 milljón króna. Veðsetningar greinast þannig á eignaflokka:

	Eftirstöðvar skuldbindinga	Tryggingar- bréf	Bókfært verð eigna
Fiskiskip og veiðiheimumildir.....	1.029.380.243	1.656.224.613	2.908.365.580
Fasteignir og lóðir.....	584.152.824	214.342.753	833.438.610
	<u>1.613.533.067</u>	<u>1.870.567.366</u>	<u>3.741.804.190</u>

### 14. Félagið hefur gert framvirka samninga við lánastofnanir í þeim tilgangi að takmarka vaxta- og gengisáhættu. Skuldbindingar og kröfur vegna þeirra eru bókfærðar í ársreikninginn miðað við markaðsverð í árslok. Framvirkir gjaldmiðlasamningar í árslok eru að verðmæti um 42 milljónir króna.

# Skýringar

## Önnur mál

15. Félagið hefur keypt rekstrarstöðvunartryggingu vegna bruna- og vatnstjóns og nemur bótafjárhæðin allt að 980 milljónum króna.

16. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	1.9.00-31.8.01	1.9.99-31.8.00
Laun .....	746.352.268	721.495.263
Launatengd gjöld .....	111.460.951	107.526.150
	<u>857.813.219</u>	<u>829.021.414</u>
Meðalfjöldi starfa .....	180	175

Heildarlaun og þóknanir til stjórnenda félagsins á árinu námu 39,7 milljónum króna.

17. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	1.9.00-31.8.01	1.9.99-31.8.00
Vaxtatekjur .....	8.884.505	4.634.247
Aðrar fjármunatekjur, þ.m.t. arður .....	36.376	263.161
	<u>8.920.881</u>	<u>4.897.408</u>
Vaxtagjöld .....	(415.790.836)	(246.800.614)
Gengismunur og verðbætur.....	(700.340.632)	(149.752.186)
	<u>(1.116.131.468)</u>	<u>(396.552.800)</u>
Reiknaðar tekjur vegna áhrifa verðlagsbreytinga .....	251.705.840	136.560.392
	<u>(855.504.747)</u>	<u>(255.095.000)</u>

18. Meðal annara gjalda er færð niðurfærsla á hlutabréfaeign félagsins alls 45 milljónir. Þar sem nokkur óvissa ríkir um raunverulegt verðgildi hluta af hlutabréfaeign félagsins er færð til gjalda varúðarniðurfærsla, annars vegar vegna eignarhluta félagsins í hlutdeildarfélögum, og hins vegar vegna eignarhluta félagsins í öðrum félögum.

19. Félagið hefur gert kaupréttarsamninga um hlutabréf við stjórnendur félagsins sem veitir þeim rétt til að kaupa hlutabréf að nafnverði allt að 8,1 milljón í félaginu á föstu gengi á árunum 2000 til 2002. Áfallnar skuldbindingar félagsins í árslok vegna gildandi kaupréttarsamninga eru færðir til gjalda í rekstrarreikningi og til skuldar í efnahagsreikningi miðað við markaðsgengi félagsins í árslok.

20.. Úthlutaðar veiðheimildir til fiskiskipa félagsins á fiskveiðíárinu frá 1.9.2001 til 31.8.2002 eru eftirfarandi:

	Aflahlutdeild í prósentum	Aflamark í tonnum	Aflamark í þorskígildis tonnum
<u>Veiðheimildir í botnfiski</u>			
Porskur.....	2,2720%	3.493	3.493
Ýsa.....	2,9528%	731	877
Ufsi.....	5,1677%	1.280	576
Karfi.....	5,2613%	3.420	1.881
Langa.....	3,7973%	91	68
Keila.....	0,9635%	41	20
Úthafskarfi.....	0,1566%	70	39
Steinbítur.....	1,0680%	122	80
Skötuselur.....	1,9316%	26	53
Grálúða.....	1,9125%	352	581
Skarkolí.....	2,5750%	95	114
Sandkolí.....	4,0856%	113	51
Skráplúra.....	3,2705%	150	75
Þykkvalúra.....	2,8525%	37	51
Langlúra.....	3,2693%	41	26
		10.062	7.985
<u>Aðrar veiðheimildir</u>			
Síld.....	6,6546%	8.318	499
Loðna.....	5,0485%	22.131	885
Humar.....	11,0379%	51	354
Rækja.....	0,0941%	16	13
		30.516	1.751
Aflaheimildir alls.....		<u>40.578</u>	<u>9.736</u>

Aflaheimildir í loðnu eru reiknaðar út miðað við upphafsúthlutun um 438 þúsund tonna heildarafla.

Skip í eigu félagsins fengu úthlutað aflamarki úr norsk - íslenska síldarstofninum á síðustu vertíð samtals 4.693 tonnum.



## Sjóðstreymi

21. Fimm ára yfirlit um sjóðstreymi á verðlagi hvers árs.

	2000 / 1	1999 / 2000	1998 / 9	1997 / 8	1996 / 7
Afkoma ársins.....	(276.449.835)	(256.159.278)	(850.636.446)	20.580.037	99.065.195
Afskriftir.....	420.364.191	418.057.833	442.892.851	479.241.855	465.409.338
Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga.....	(251.705.840)	(136.560.392)	(110.112.161)	(38.286.128)	(53.528.284)
Verðbreytingar langtímaskulda.....	674.179.299	148.263.594	141.516.784	(78.044.600)	(35.928.733)
Aðrar breytingar.....	48.868.758	13.946.979	54.175.250	(167.097.956)	(381.503.324)
<b>Hreint veltufé frá rekstri</b>	<b>615.256.573</b>	<b>187.548.736</b>	<b>(322.163.722)</b>	<b>216.393.208</b>	<b>93.514.192</b>
Breyting á: Rekstrartengdum eignum.....	(235.212.107)	359.841.797	174.687.878	65.501.880	211.338.845
Rekstrartengdum skuldum.....	104.651.897	(128.617.472)	65.380.823	53.882.054	(229.400.183)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>484.696.363</b>	<b>418.773.061</b>	<b>(82.095.021)</b>	<b>335.777.142</b>	<b>75.452.854</b>

## Kennitölur

22. Úr rekstrarreikningi	2000 / 1	1999 / 2000	1998 / 9
Afkoma fyrir afskriftir / rekstrartekjur.....	31,95%	21,11%	4,24%
Afkoma ársins / rekstrartekjur.....	(8,60%)	(10,79%)	(34,38%)
Arðsemi eigin fjár.....	(17,94%)	(15,10%)	(34,65%)

23. Úr efnahagsreikningi	31.8 2001	31.8 2000	31.8 1999
Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir .....	0,73	0,64	1,10
Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn .....	23,52%	27,79%	29,88%
Innra virði hlutfjár - eigið fé/hlutfé .....	0,86	0,98	1,28

24. Úr sjóðstreymi ársins:			
a) Skuldabekja handbærs fjár.....	0,11	0,10	(0,02)
b) Gæði sölunnar .....	0,93	1,13	1,00
c) Gæði afkomunnar .....	(1,75)	(1,63)	0,10
a) Handbært fé frá rekstri að frádregnum arðgreiðslum / heildarskuldir			
b) Innborgaðar tekjur / bókfærðar tekjur			
c) Handbært frá rekstri / afkoma			

